

Lagt fyrir fund velferðarráðs 2. september 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um gjaldskrá stuðningsþjónustu og fyrirkomulag þrífþjónustu

Lagt er til að velferðarsvið taki saman og kynni fyrir velferðarráði upplýsingar um gjalddöku vegna stuðningsþjónustu hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum. Sérstaklega verði skoðað hvernig gjalddöku er háttáð þegar þjónustan felst eingöngu eða að mestu leyti í þrífum.

Í samantektinni verði meðal annars gerð grein fyrir:

1. hvernig önnur sveitarfélög skilgreina og afmarka þrífþjónustu innan stuðningsþjónustu
2. hvort og með hvaða hætti gjald er tekið fyrir þjónustuna
3. hvort gjalddakan er tekjutengd, tímagjald, fast gjald eða byggð á öðrum viðmiðum
4. hvaða undanþágur eða afslættir eru veittir vegna tekna, félagslegra aðstæðna eða umfangs þjónustu
5. hvernig tryggt er að gjalddaka dragi ekki úr möguleikum einstaklinga, sem þurfa heimastuðning, til að búa áfram á eigin heimili.

Jafnframt er óskað eftir að fram komi stutt kynning á því hvernig sambærileg þjónusta er skipulögð á Norðurlöndunum, einkum þjónusta sem eingöngu varðar þríf og hefur meðal annars verið nefnd „eingöngu þríf“ eða „fjórði flokkur“. Fram komi hvort þjónustan sé veitt af sveitarfélögum, einkaaðilum eða öðrum þjónustuaðilum, hvaða skilyrði gilda um aðgang að henni og hvernig kostnaðarpáttöku notenda er háttáð.

Óskað er eftir að sviðið leggi fram nokkrar útfærðar tillögur að breytttri gjaldskrá stuðningsþjónustu, sérstaklega þrífþjónustu. Tillögurnar sýni mismunandi leiðir að gjalddöku og áhrif þeirra á notendur, tekjur og rekstur. Sérstök áhersla verði lögð á að verja tekjulága einstaklinga og þá sem eru háðir heimastuðningi til að geta búið áfram heima.

Við mat á tillögunum verði byggt á fyrirliggjandi minnisblöðum um fjárhagsleg áhrif breyttrar gjalddöku. Fram komi áætlaðar viðbótartekjur eða sparnaður af hverri leið, áhrif á eftirspurn eftir þjónustu og möguleg áhrif á kostnað annars staðar í þjónustukerfinu.